

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 735/1997 um ungbarnablöndur og stoðblöndur.

#### 1. gr.

Liður 5.3, Önnur steinefni í viðauka II, Samsetning stoðblandna verður svohljóðandi:  
5.3. Önnur steinefni.

Styrkleikinn er að minnsta kosti sá sami og venjulega er í kúamjólk, minnkaður þar sem við á, í sama hlutfalli og próteinstyrkleiki stoðblandnanna gagnvart próteinstyrkleika kúamjólkur. Dæmigerð samsetning kúamjólkur er sýnd til leiðbeiningar í viðauka VI.

#### 2. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í lögum nr. 93/1995 um matvæli og lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Reglugerðin er sett með hliðsjón af II. viðauka, XII. kafla EES samningsins (tilskipun 91/321/EEC og 96/4/EB). Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 727/2001 um breytingu á reglugerð nr. 735/1997 um ungbarnablöndur og stoðblöndur.

Reglugerðin öðlast gildi við birtingu.

*Umhverfisiráðuneytinu, 13. mars 2002.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Sigríður Stefánsdóttir.*

## REGLUGERÐ

### um sundurgreindan aðgang að heimtaugum.

#### 1. gr.

Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2887/2000 frá 18. desember 2000, um sundurgreindan aðgang að heimtaugum sem birt er í I. viðauka skal gilda hér á landi um aðgang að heimtaugum fjarskiptafyrirtækja með umtalsverða markaðshlutdeild.

#### 2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 20. gr. laga um fjarskipti nr. 107/1999, sbr. 2. gr. laga nr. 145/2002, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Samgönguráðuneytinu, 8. mars 2002.*

**Sturla Böðvarsson.**

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*